



Flokkun á Akureyri

Mikilvægt er að flokka notaðar umbúðir og afganga rétt svo að hægt sé að vinna þær á réttan hátt og endurvinnna í nýja vöru eða orku. Á Akureyri eru 11 grenndarstöðvar þar sem hægt er að koma flokkuðu sorpi fyrir. Á grenndarstöðvunum eru gámar fyrir **plastumbúðir, bylgjupappír, dagblöð/tímarit, pappaumbúðir, málma, glerumbúðir, litlar rafhlöður, kertaafganga og notaða matarolíu.**

Grenndarstöðvar á Akureyri má finna á eftirfarandi stöðum:

- Glerártorg, austan verslunarmiðstöðvar
- Krambúðin, Byggðavegur 98
- Hagkaup, á bílastæði, Hjalteyrargata
- Nettó Hrísalundi, vestan verslunar
- Krambúðin, Borgarbraut 1
- Bónus, Kjarnagata 2e
- Skautahöllin, á bílaplani, Naustavegur 1
- Ráðhús á bílaplani, Geislagata 9
- Bónus, Langholt 1
- Sunnuhlíð verslunarmiðstöð
- Við spennistöðina Kollugerði, við Urðargil

Engin tunna er fyrir lífrænan úrgang á grenndarstöðvunum en hins vegar tekur jarðgerðarstöðin Molta við öllum lífrænum úrgangi og býr til moltu úr úrganginum sem síðan getur verið nýttur sem áburður. Það er því undir húseigenda komið að hafa tunnu undir lífrænan úrgang.

Endurvinnslustöðin fyrir flöskur og dósir eru á Furuvöllum 11, 600 Akureyri og er skilgjaldið 16 krónur fyrir flösku/dós.

Notuðum fötum, efnum og skóm skal fara með í Rauða krossinn í Viðjulundi 2, 600 Akureyri.

Fyrir frekari upplýsingar um flokkun og endurvinnslu á Akureyri skoðið: <https://www.visitakureyri.is/is/um-akureyri/graena-akureyri>